# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 31. maí kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 730. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Jón Kjartan Ágústsson og Birkir Ingibjartsson.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

**Þetta gerðist:**

1. **Brekkustígur 6B,** *Hæð og ris ofan á þegar byggt hús* (01.134.114) Mál nr. BN056004 Skjalnr. 11901

Ríkarð Oddsson, Brattatunga 6, 200 Kópavogur
Stefán Ómar Oddsson, Lyngrimi 1, 112 Reykjavík
Ragnar Sær Ragnarsson, Einholt 10, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð og ris, og svalir og útistiga á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 6B við Brekkustíg. Erindi var grenndarkynnt frá 30. apríl 2019 til og með 28. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigrún L. Baldvinsdóttir dags. 18. maí 2019 og Aðalsteinn Smárason, Anna Soffía Gunnarsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Heiðrún Kristjánsdóttir og Ólafur Kvaran dags. 27. maí 2019.
Stækkun: 137,8 ferm., xx rúmm. Stærð eftir stækkun, A-rými: 245,2 ferm., 658,3 rúmm.
Gjald: kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Hofteigur 4,** *(fsp) - Síkka glugga kjallara* (01.364.001) Mál nr. BN056206 Skjalnr.

Marteinn A Marteinsson, Hofteigur 4, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem spurt er hvort leyft yrði að síkka 3 glugga á bakhlið kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 4 við Hofteig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2019.*

3. **Njálsgata 9-11,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.182.1) Mál nr. SN190331 Skjalnr. 9226

691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík
650308-0180 Smáfuglar ehf., Pósthólf 806, 121 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Garðars Snæbjörnssonar dags. 5. apríl 2019 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.1 vegna lóðarinnar nr. 9-11 við Njálsgötu sem felst í að byggingarreit að Njálsgötu 11 verði breytt þannig að hann nái út í byggingarlínu núverandi húss að aftanverðu. Götumegin verði byggingarlína neðri hæðar sú sama og í gildandi deiliskipulagi en byggingarlína efri hæðar nái út að gangstétt, í sömu línu og Njálsgata 13, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 3. apríl 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Rökkvatjörn 3,** *breyting á deiliskipulagi* (05.051.4) Mál nr. SN190250
Skjalnr. 14052

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 15. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 3 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fjölbýlishúss og fjölgun bílastæða úr 7 í 9 ásamt sleppistæði fyrir akstursþjónustu, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 12. apríl 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Eignar og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar dags. 29. maí 2019.
*Samþykkt að stytta grenndarkynningarferli þar sem að samþykki hagsmunaaðila liggur fyrir.*
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

5. **Ármúli 7,** *breyting á deiliskipulagi* (01.262.1) Mál nr. SN190050
Skjalnr. 6528

530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 23. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðarinnar nr. 7 við Ármúla. Í breytingunni felst að tengja núverandi byggingar Ármúla 7 við rekstur hótelsins í Ármúla 9, bæta inndreginni hæð ofan á tengibyggingu, byggingarreitur við tengibyggingu verður færður inn frá Ármúla og í staðinn færist byggingarreitur út við vesturgafl þar sem ný flóttaleið verður byggð, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 23. janúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 25. febrúar 2019 til og með 25. mars 2019. Engar athugasemdir bárust. Erindinu var frestað á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. mars 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki meðlóðarhafa dags. 24. maí 2019.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

6. **Fellsmúli 5-11,** *9-11 - Klæðning, endurnýja svalir* (01.294.302) Mál nr. BN056064
Skjalnr. 12777

600219-0140 Fellsmúli 9-11, húsfélag, Fellsmúla 11, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að klæða suðurhlið og vesturgafl sléttri álklæðningu ásamt því að endurnýja svalir og svalahandrið á húsi 9-11 á lóð 5-11 við Fellsmúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
Erindi fylgir fundargerð Húsfélagsins Fellsmúla 9-11 haldinn þann 12. mars 2019 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 30. apríl 2019. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

7. **Fossaleynir 19-23,** *(fsp) fara út fyrir byggingarreit* (02.468.1) Mál nr. SN190316
Skjalnr. 10428

611200-2770 Ó.Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Johnsonar dags. 22. maí 2019 um að fara lítillega út fyrir byggingarreit í norðausturhorni lóðarinnar nr. 19-23 við Fossaleynir, samkvæmt uppdr. Gunnlaugs Johnsonar dags. 23. maí 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Lyngháls 1,** *breyting á deiliskipulagi* (04.326.0) Mál nr. SN190252
Skjalnr. 8110

470193-2559 Prentmet ehf, Lynghálsi 1, 110 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lyngháls. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur ofan á núverandi byggingu og hann verði hluti af heildarbyggingarmagni sem leyfilegt er að byggja á lóðinni og hámarksbyggingarmagn lóðar fari úr 1,0 í 1,1, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Lynghálsi 2, 3 og 4, Krókhálsi 1, 3 og 4, Fosshálsi 1 og Réttarhálsi 2.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu skv. gr. 7.6 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir kynningu.*

9. **Miðtún 82,** *(fsp) - Samþykkt á áður gerðri íbúð* (01.235.110) Mál nr. BN055297 Skjalnr. 14038

Sigurður Harðarson, Njarðargata 41, 101 Reykjavík

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 15. maí 2019 var lagt fram bréf Sigurðar Harðarsonar f.h. eigenda að fasteigninni Miðtún 82 dags. 8. apríl 2019 til skipulags- og samgönguráðs þar sem farið er fram á grein um hámarksfjölda íbúða á lóð í samþykktu deiliskipulagi Túna frá 27.október 2010 verði endurskoðuð. Erindinu var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

10. **Salthamrar 1,** *(fsp) stækkun húss* Mál nr. SN190327 Skjalnr.

Ragnar Þór Ragnarsson, Salthamrar 1, 112 Reykjavík
581203-2090 Kollgáta ehf, Glerárgötu 28, 600 Akureyri

Lögð fram fyrirspurn Kollgátu ehf. dags. 24. maí 2019 ásamt bréfi dags. 24. maí 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 1 við Salthamra um 4,7 m. (23. fm.) til suðvesturs, samkvæmt uppdr. Kollgátu ehf. dags. 23. maí 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Gufunes, Skemmtigarður,** *breyting á deiliskipulagi* (02.2) Mál nr. SN190311 Skjalnr. 7808

650602-4470 Fjörefli ehf., Pósthólf 10230, 130 Reykjavík
581298-2269 Landark ehf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram umsókn Fjöreflis ehf. dags. 17. maí 2019 ásamt greinargerð verkfræðistofunnar Efla dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness. Í breytingunni felst m.a. að byggingareitir eru stækkaðir umtalsvert innan afnotasvæðis, gólfkóti bygginga hækkaður um 2 m, úr 19 í 21 m. Byggingarmagn aukið um 600 fm. og bráðabirgðareitur sameinaður nýjum byggingareit og heimilt er að vera með allt að 30 smáhýsi á afnotasvæðinu, hámarksstærð að grunnfleti 45 fm hvert hús, hámarkshæð í mæni húss 5,5 m frá gólfkóta o.fl. Sjá nánar uppdrætti verkfræðistofunnar Efla dags. 20. maí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu ef til auglýsingar á tillögunni kemur skv. gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

12. **Kjalarnes, Hrafnhólar,** *(fsp) gróðurhús og kæli- og frystigeymsla* (35.2) Mál nr. SN190271 Skjalnr. 12936

Salvör Jónsdóttir, Bandaríkin, 621208-1790 Monóna ehf., Þingholtsstræti 16, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Salvarar Jónsdóttur dags. 7. maí 2019 ásamt greinargerð dags. 7. maí 2019 um að reisa tvö gróðurhús á jörðinni Hrafnhólar á Kjalarnesi ásamt kæli- og frystigeymslu, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 6. maí 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Klettháls 3,** *staðsetning ökutækjaleigu* (04.342.3) Mál nr. SN190332 Skjalnr. 8578
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 27. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Herjólfs Guðbjartssonar f.h. Artic Trucks ehf. um að reka ökutækjaleigu að Kletthálsi 3. Sótt er um leyfi fyrir 9 ökutækjum í útleigu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

14. **Hraunbær 133,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN190315 Skjalnr. 7389
511017-0410 Fasteignaþróunarf. Spilda ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Gísla Reynissonar dags. 22. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi Bæjarháls-Hraunbæjar vegna reits A, Hraunbær 133, sem felst í að heimilt verði fjölga íbúðum á reitnum um 10 þannig að í stað 58 íbúða verði 68 íbúðir.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

15. **Bárugata 10,** *(fsp) svalir* (01.136.2) Mál nr. SN190181 Skjalnr. 14099
Helga S Knudsen Hilmarsdóttir, Bárugata 10, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Helgu S. Knudsen Hilmarsdóttur dags. 18. mars 2019 um að setja svalir á 1. hæð hússins á lóð nr. 10 við Bárugötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.*

16. **Bragagata 35,** *(fsp) niðurrif og uppbygging* (01.186.2) Mál nr. SN190309 Skjalnr. 10471
Kristjana Margr. Sigurðardóttir, Eiðismýri 8A, 170 Seltjarnarnes
Lögð fram fyrirspurn Kristjönu Margr. Sigurðardóttur dags. 20. maí 2019 ásamt bréfi dags. 15. maí 2019 um að rífa niður húsið á lóð nr. 35 við Bragagötu og byggja nýtt 3. hæða hús, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 11. apríl 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Friggjarbrunnur 23A,** *breyting á deiliskipulagi* (02.693.5) Mál nr. SN190313 Skjalnr. 14140
Freyr Gústavsson, Friggjarbrunnur 29, 113 Reykjavík
Lögð fram umsókn Freys Gústavsson dags. 21. maí 2019 dags. 25. mars 2019 ásamt beiðni íbúa og lóðarhafa við Friggjarbrunn 23-41 dags. 25. mars 2019 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 23A við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst að lóð verði skipt upp í annars vegar lóð sem tilheyrir Friggjarbrunni 23 og hins vegar borgarlandi.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

18. **Silfratjörn 26-32,** *(fsp) hæðarkótar* (05.052.4) Mál nr. SN190321 Skjalnr. 14072
681206-0510 Stéttafélagið ehf., Breiðhellu 12, 221 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Stéttarfélagsins ehf. dags. 22. maí 2019 um að hafa tvo hæðarkóta á botnplötum raðhússins á lóð nr. 26-32 við Silfratjörn í stað fjögurra, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

19. **Brautarholt 18,** *Bætt við einni hæð - smáíbúðir og verslun* (01.242.206) Mál nr. BN056162 Skjalnr. 5159

650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
660214-0380 LL09 ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja inndregna 5. hæð ofan á hús og innrétta 22 íbúðir á 2. - 5. hæð, stækka glugga, koma fyrir svölum, byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur sem verða sameiginlegar með húsi nr. 20 á baklóð húss á lóð nr. 18 við Brautarholt.
Erindi fylgir greinargerð hönnuða um ábyrgðarsvið dags. 8. apríl 2019, heildarleiðnitap dags. 16. janúar 2019 og greinargerð hönnuða dags. 30. apríl 2019. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, mhl. 01: 1.379,8 ferm., 4.861,8 rúmm. Mhl. 02: 132,3 ferm., 377 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Brautarholt 20,** *Breyting utanhúss og bætt við einni hæð* (01.242.207) Mál nr. BN056161 Skjalnr. 5931

650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
660214-0380 LL09 ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja inndregna 5. hæð ofaná hús og innrétta 42 íbúðir á 2. - 5. hæð, stækka glugga, koma fyrir svölum, byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur sem verða sameiginlegar með húsi nr. 18 á baklóð húss á lóð nr. 20 við Brautarholt.
Erindi fylgir bréf hönnuða um skipulagsforsendur dags. 4. janúar 2018 og minnisblað um brunamál dags. 19. febrúar 2018. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, mhl. 01: 2.768,5 ferm., 9.829,2 rúmm. Mhl. 02: 41,4 ferm., 123,3 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

21. **Melgerði 17,** *Breyta efri hæð og byggja sólstofu* (01.815.312) Mál nr. BN056127 Skjalnr. 14013

Svanhvít Aðalsteinsdóttir, Melgerði 17, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólstofu við austurhlið og til að rífa kvisti og byggja nýja, koma fyrir þakgluggum, gera yfirbyggðar svalir á vesturhlið og breyta innra skipulagi efri hæðar ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum bílskúr á lóð einbýlishúss á lóð nr. 17 við Melgerði, samkvæmt uppdr. Arkiteo ehf. dags. 23. apríl 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun: 67 ferm., 184,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Melgerði 14, 15, 16, 18 og 19 og Hlíðargerði 10, 12 og 14.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu skv. gr. 8.1 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir kynningu*

22. **Freyjugata 30,** *Byggja nýjan bílskúr* (01.196.002) Mál nr. BN056130 Skjalnr. 14134

511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr á lóð nr. 30 við Freyjugötu.
Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð dags. 7. maí 2019.

Stærð: 66,0 ferm., 221,2 rúmm. Stækkun: 26,0 ferm., 105,7 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Sjafnargötu 1 og 3 og Freyjugötu 28 og 32.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu skv. gr. 8.1 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir kynningu*

23. **Freyjugata 42,** *Svalir* (01.196.101) Mál nr. BN055936
Skjalnr. 13083

Elín Borg, Freyjugata 42, 101 Reykjavík
Benedikt Hjartarson, Freyjugata 42, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja stálsvalir á suðurhlið 1. hæðar húss nr. 42 við Freyjugötu. Erindi fylgir samþykki meðeigenda og sumra nágranna að Mímisvegi 8, Sjafnargötu 11, Freyjugötu 40, 44 og 46 auk umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2017. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Laugavegur 55,** *(fsp) setja svalir og svalahurð á 4. hæð* (01.173.0) Mál nr. SN190329
Skjalnr. 5965

681215-1230 L55 ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn L55 ehf. dags. 16. maí 2019 ásamt bréfi THG Arkitekta ehf. dags. 15. maí 2019 um að setja svalir og svalahurð út frá herbergi á 4. hæð hússins á lóð nr. 55 við Laugaveg. Einnig eru lagðir fram uppdrættir uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 4. apríl br. 30. október 2019 og dags. 4. apríl 2018 br. 28. nóvember 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Njarðargata 45,** *Gistiheimili - svalir* (01.186.605) Mál nr. BN054075
Skjalnr. 12881

710505-1440 Spur ehf, Freyjugötu 24, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til gera gististað í flokki ll - tegund b fyrir 10 manns ásamt því að gera svalir á bakhlið á 2. og 3. hæð og bæta brunavarnir í húsi á lóð nr. 45 við Njarðargötu. Erindi var grenndarkynnt frá 29. apríl 2019 til og með 27. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. apríl 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018. Gjald kr. 11.000
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

26. **Njörvasund 6,** *(fsp) uppbygging á lóð* (01.411.5) Mál nr. SN190305
Skjalnr. 10273

Þorsteinn Viðarsson, Njörvasund 6, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þorsteins Viðarssonar og Hjördísar Árnadóttur mótt. 14. maí 2019 um uppbyggingu á lóð nr. 6 við Njörvasund sem felst í að koma fyrir litlu einbýlishúsi fremst á lóðinni fyrir framan núverandi hús.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

27. **Bergþórugata 55,** *(fsp) stækkun bakhúss, færsla á svölum o.fl.* (01.191.1) Mál nr. SN190247 Skjalnr. 14118

Garðar Snæbjörnsson, Sólvallagata 33, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Garðars Snæbjörnssonar dags. 11. apríl 2019 varðandi endurnýjun og stækkun á núverandi bakhúsi á lóð nr. 55 við Bergþórugötu og gera þar litla tveggja herbergja íbúð, færa svalir á bakhlið húss til vegna breytinga á innri skipulagi og gera litla íbúð í kjallara hússins, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 11. apríl 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

28. **Laugarásvegur 75,** *(fsp) breyting á notkun bílskúrs* (01.384.2) Mál nr. SN190302 Skjalnr. 12785

Oddgeir Þórðarson, Laugarásvegur 75, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Oddgeirs Þórðarsonar mótt. 16. maí 2019 um að breyta bílskúr við austurhlið húss á lóð nr. 75 við Laugarásveg í íbúð.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Laugavegur 107,** *Skilti - Leiðarkerfi Strætó* (01.240.002) Mál nr. BN056205 Skjalnr. 12842

500501-3160 Strætó bs, Pósthólf 9140, 129 Reykjavík
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að setja upp upplýsingaskilti stærð 2,29m á hæð og 0,83m á breidd og er fyrir leiðakerfi strætó við Hlemm og verður staðsetning norðan megin við húsið á lóð nr. 107 við Laugaveg.
Erindi fylgja tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda. Jafnframt er erindi BN054931 dregið til baka. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

30. **Laugavegur 144,** *(fsp) svalir og sólskáli* (01.241) Mál nr. SN190287 Skjalnr. 14126

Páll Haraldsson, Móvað 37, 110 Reykjavík
Kristján Bjarnason, Flúðasel 66, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Bjarnasonar dags. 12. maí 2019 um að setja svalir og sólskála á bakhlið hússins á lóð nr. 144 við Laugaveg, samkvæmt uppdr. Arkitektastofunnar Austurvöllur dags. 20. apríl 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

31. **Suðurgata 41, Þjóðminjasafn,** *(fsp) skilti* (01.60) Mál nr. SN190225 Skjalnr. 6564

710269-2389 Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík
Sigurður Oddsson, Meistaravellir 33, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Oddssonar dags. 2. apríl 2019 um að setja 1,5 metra breitt og 3 metra hátt skilti

á lóð nr. 41 við Suðurgötu, samkvæmt tillögu ódags. Erindinu var Frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

32. **Hringbraut Landsp.,** *Hjólaskýli fyrir starfsfólk NLSH* (01.198.901) Mál nr. BN056174 Skjalnr. 9942

500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja létt hjólaskýli sem verður Mhl. XX úr stáli klætt hálfgegnsærri plastklæðningu, óeinangrað og óupphitað á lóð Landsspítalans við Hringbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2019.
Stærð: 51,7 ferm., 200,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2019 samþykkt.*

33. **Lindargata 50,** *Fjölga í 3 íbúðir* (01.153.201) Mál nr. BN056094 Skjalnr. 10663

580413-2180 Fagriskógur ehf., Brautarlandi 12, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir, færa girðingu á austurhluta lóðar og útbúa bílastæði við einbýlishús á lóð nr. 50 við Lindargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.*

34. **Ránargata 8A,** *Ljúka við áður gerðar breytingar* (01.136.018) Mál nr. BN056252 Skjalnr.

Þuríður Ólafía Hjálmtýsdóttir, Ránargata 8A, 101 Reykjavík
Jon Olav Fivelstad, Ránargata 8A, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðu glerþaki og burðarvirki og til þess að klára að glerja hliðar sólskála á 1. hæð húss á lóð nr. 8A við Ránargötu.
Erindi fylgir þinglýst samkomulag eigenda lóðanna Ránargötu 8 og 8A dags. 29. júní 2007 ásamt veðbókarvottorði v. Ránargötu 8, útprentuðu 10. apríl 2019. Stækkun: 11,9 ferm., 32,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

35. **Sóleyjargata 13,** *Breikkun glugga efstu hæð.* (01.185.007) Mál nr. BN056125 Skjalnr. 8210

Magnús Árni Skúlason, Sóleyjargata 13, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka glugga á vestanverðri þakhæð fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Sóleyjargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. og 16. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2019 samþykkt.*

36. **Vesturgata 51C,** *Hækka ris* (01.134.007) Mál nr. BN055292 Skjalnr. 11205

Hafþór Páll Bryndísarson, Vesturgata 51C, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka ris þannig að ný hæð verði þar sem nú er hæð og ris í húsi á lóð nr. 51C við Vesturgötu. Einnig er

lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. mars 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. mars 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sturla Einarsdóttir og Þórunn Björnsdóttir dags. 12. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun:  ferm, rúmmetrar. Vísað er í umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. apríl 2014, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa, dags. 28. apríl 2014 og umsögn Minjasafns Reykjavíkur, dags. 18. maí 2014. Gjald kr. 11.000
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:57.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir…………………….Helena Stefánsdóttir